

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 304

október 2017



We Serve

Október 2017. Blað nr. 304
THE LION IN ICELANDIC
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdammi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar
Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku.
Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl.
09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2017 – 2018

Fjölumdamisstjóri: Jón Pálmason, Lkl. Víðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjölumdamisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumdamisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjölumdamisstjóri: Árni B. Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjölumdamisstjóri: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson, Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaforsætli Lions: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparsjóðsstjóri: Kristinn G. Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vígdis Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar maður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varaumdamisstjóri 109A: Geirþrúður F. Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Varaumdamisstjóri 109B: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Varaumdamisstjóri (annar) 109A: Jóhanna Þorsteinsson, Lkl. Engey.

Varaumdamisstjóri (annar) 109B: Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Fjölumdamisráð:



Jón Pálmason,
fjölumdamisstjóri. Jón er
félagi í Lionsklúbnum
Viðarr. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: jp@oerkis.is



Ellert Eggertsson,
umdamisstjóri 109 A. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
hafa samband við hann þá
er netfang hans: ellert.
eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
umdamisstjóri 109 B. Björn
er félagi í Lionsklúbnum
Hæng. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: bjorn2505@
gmail.com

Framkvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh Aggarwal Indland

Immediate Past President: Robert „Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt Yngvadóttir Ísland

Second Vice President: Jung-Yul Choi Suður Kórea

Third Vice President: Haynes Townsend, USA

First Year Directors

Doo-Hoon Ahn

Sandro Castellana

Hastings E. Chiti

William Galligani

Thomas Gordon

Nicolás Jara Orellana

Ardie Klemish

Alice Chitning Lau

Connie Leclair-Meyer

Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland

Regina Risken

Yoshio Satoh

Patricia Vannett

Gwen White

Nicholas Xinopoulos

Second Year Directors:

Bruce Beck

Tony Benbow

K. Dhanabalan

Luiz Geraldo Matheus Figueira

Markus Flaaming

Elisabeth Haderer

Magnet Lin

Sam H. Lindsey, Jr.

N. Alan Lundgren

Joyce Middleton

Nicolin Carol Moore

Yasuhisa Nakamura

Aruna Abhey Oswal

Vijay Kumar Raju Vegesna

Elien Van Dille

Jennifer Ware

Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Þökkun og dreifing: Lionsklúbburinn Úa.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Frá skrudgöngu á alþjóðapinginu í Chicago 2017.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 23. nóvember

Barátta gegn hungri er meðal okkar aðalverkefna

Pistill Alþjóðaforseta

Naresh Aggarwal

alþjóðaforseti



Fyrir Bandaríkamenn er Þakkargjörðin hátíð blessunar. Hjá mörgum öðrum þjóðum er það að færa þakkir hluti af menninguni. Í Indlandi byrja Hindúar daginn með að setja blóm og og matarförn við heimaaltarið. Allar Hindúahátíðir innifela blessanir og þakkir til Guðs.

Að færa þakkir er einnig hluti af menningu Lions. Við leggjum lið til að sýna þakklæti okkar. Við sýnum getu okkar og löngun til að gefa öðrum það sem þeir fara á mis við.

Það er hryggilegt að svo margt fólk í heiminum fái ekki nóg að borða. Nærri 800 milljón manna fara svöng í rúmið á hverju kvöldi, og einn sveltur til dauða á fimtánda hverri sekúndu. Hungur er vandamál hjá bæði þróuðum og vanþróuðum ríkjum. Hörmulegt er að 16 milljónir bandarískra heimila eru vannærð og 180 milljónir í heimalandi mínu Indlandi vantar mat. Í Afríku er ástandið jafnvel enn verra. Milljónir upplifa þrálátt hungur vegna þurrka, ófriðar og hás matarverðs.

Þökk sé Grænu byltingunni sem jók korn- uppskeruna þá hægt er að yfirvinna hungur. Það fellst aðallega í að miðla matvælum til þeirra sem þess þurfa. Við Lionsfólk notum enga millilliði, við höfum her af sálfbodaliðum, sem hefur vilja og getu til að vinna á hungri.

Vitneskja okkar á hversu lífsnauðsynlegt er að hafa nægan mat, setur okkur lionsfólk í þá stöðu að vinna á hungri. Alþjóðasamband Lions hefur sett hungur sem eitt af helstu fimm verkefnum. Svo lionsfélagar sýnið stuðning við matargjafir í heimabyggð. Aðstoðið skólabörn frá fátækum heimilum, styrkið Alþjóða hjálparsjóðinn LCIF. sem styður Lionsverkefni sem berjast gegn hungri.

Gerðu það sem þú getur sagði Móðir Theresa. Við getum ekki öll gert mjög stóra hluti en við getum gert smærri verkefni af alúð. Svo nú berjist þið, klúbburinn og umdæmið gegn hungri. Lions skorast ekki undan svo mikilvægu verkefni. Á þessari þakkargjörðarhátíð og reyndar í hverjum mánuði, þakka ég hinum 1.4 milljónum Lions og ca 175.000 Leos, körlum, konum og unglungum. Ég er þakklátur fyrir blessanir þeirra og ákveðni við að bjarga og auðga mannlíf með því að útrýma hungri.

Naresh Aggarwal
Alþjóðaforseti Lions
Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er annað tölublað þessa starfsárs komið út. Blaðið er eins og oft áður aðallega byggt upp á greinum sem þið kærufélagar skrifið. Stærð blaðsins og umfjöllunarefni fer því nokkuð mikið eftir því hversu dugleg þið eruð. Það eru ákveðin svæði á landinu sem senda fáar greinar í blaðið og vona ég að á því verði breyting og fleiri skrifi greinar með myndum. Greinar þurfa ekki að vera langar. Ef þið óttist að þið séuð ekki miklir „pennar“ og sendið því ekki greinar þá megið þið gjarnan senda mér punkta með upplýsingum og myndum og ég set saman grein fyrir ykkur.

Eins og oft hefur komið fram þá fækkar prentuðum blöðum á næsta almanaksári niður í 4 úr 6 en öll blöð verða gefin út á pdf formi á heimasíðu eins og áður. Eins verður kynnt smáforrit (app) þar sem félagar geta lesið blaðið í tölvum, spjaldtölvum og sínum með því einfaldlega að hlaða niður appinu sem er ókeypis. Það er áætlað að útgáfa í þessu smáforriti verði í byrjun næsta árs. Ritstjóri er nú þegar byrjaður að undirbúa komu þessa smáforrits og verður þetta blað sett í það til prufu svo að ég sjái hvað þarf til þess að láta þetta ganga eins snuðrulaust og hægt er.

Pau leiðu mistök áttu sér stað í síðasta blaði að röng grein fór í prentun frá Birni Guðmundssyni umdæmisstjóra 109 B en þá grein skrifaði Björg Bára í fyrra sem umdæmisstjóri 109 B. Ég birti rétta grein frá Birni í þessu blaði og bið ég hlutaðeigandi afsökunar á þessum mistökum.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs og vona að starfið í vetur verði farsælt og gæfuríkt. Ég minni á að næsta blað kemur út í byrjun desember og verður jólablaðið okkar.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Umdæmisstjóri 109B

Björn Guðmundsson

Varaumdæmisstjóri 109B



Ágætu Lionsfélagar, í þessum mánuði fer vetrarstarfið af stað í flestum lionsklúbbum í landinu. Stjórnir klúbbanna hafa lagt á sig mikla vinnu við undirbúning vetrarins. Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum til starfsins þannig að það verði skemmtilegt og gefandi. Eins og stjórnir klúbbanna hafa verið að undirbúa komandi starfsár þá höfum við umdæmisstjórnarnir líka verið önnum kafnir í undirbúningsvinnu. Segja má að sú vinna hafi staðið yfir frá því í janúar síðastliðnum þegar við sóttum umdæmisstjóranámskeið hjá fræðsluteyminu okkar sem er stýrt af Halldóri Kristjánssyni f.v. fjölumdæmisstjóra, síðar í mánuðinum tók við námskeið með öðrum verðandi umdæmisstjórum af norðurlöndunum í Kaupmannahöfn, lokahnykkurinn í fræðslumálunum var síðan þriggja daga umdæmisstjóranámskeið sem við sátum á alþjóðþinginu í Chicago í lok júní síðastliðið sumar. Við höfum skipað í umdæmisstjórnir og haldið fyrsta umdæmisstjórnarfund þar sem að umdæmisstjórnir skipulögðu starfsárið framundan eftir þeim áherslum sem við lögðum á undirbúningstímabilinu.

Helstu markmið fyrir komandi starfsár tengjast félagamálunum, við höfum verið í varnarbaráttu undanfarin ár og eru þar margar skýringar á. Við höfum fjölgað í vinnuteyminum sem að sinna félagamálum og ætlum með því að leggja grunn að greiningu á klúbbum sem eru í vanda. Á sama tíma er verið að taka upp nýtt embætti verkefnastjóra sem á að vinna með félag- og fræðslustjóra. Þessi samþætting gerir teymin stærri og líklegri til þess að ná tilætluðum árangri. Það er líklegt að það taki nokkurn tíma að fá fulla virkni á þetta nýja skipulag en við teljum að það geti orðið til mikilla bóta og komi til með að tengja klúbba betur hvor við aðra og við yfirstjórn.

Helstu markmið umdæmisstjóra starfsárið 2017-2018

Fjölgun í umdæmum

Við höfum sett okkur markmið um fjölgun í umdæmum um 10 féлага. Við þurfum að hægja verulega á brottfalli samhliða því að fá inn fleiri féлага, þetta er einkum verkefni klúbbanna. Við erum reiðubúnir til þess að aðstoða hvar og hvenær sem er til þess að ná þessu markmiði við minnum á að hreyfingin á mikið fræðsluefni, þar er góður reynslubanki sem að upplagt er að notfæra sér.

Uppbygging félagateymisins

Undanfarin ár þá hefur tilfinningin verið sú að félagateymið hafi ekki virkað eins og það hefur verið sett upp. Það er ekki gagnrýni á þá einstaklinga sem gegnt hafa embættum félagastjóra og félagafulltrúa heldur hafa þessir aðilar líklega verið of einir í störfum sínum. Við settum okkur markmið um að fjölgun yrði í báðum umdæmum-undirmarkmiðin voru þau að fjölga konum sérstaklega í A-umdæminu og hægja á brottfalli. Staðreyndin er sú að okkur gengur ágætlega að fá féлага en of margir falla í burtu.

Stofnun nýrra klúbba

Við teljum ekki raunhæft að stofna nýja klúbba á þessu starfsári en við viljum leggja grunn að því að á næstu tveimur árum verði stofnaðir tveir til þrjár nýir klúbbar í umdæmunum. Á þessu ári er markmiðið að finna stað eða svæði þar sem hægt er að stofna klúbb á og finna kjarnaféлага til þess að leiða mótunarvinnuna.

Veikir klúbbar

Eitt af markmiðunum er að finna veika klúbba, hjálpa þeim áður en við lendum í þeirri stöðu að þeir vilji hætta. Þarna þarf að koma til aðstoð frá GAT teyminu þannig að féлага, verkefna og fræðslumálin skarast. Nýr félagastjóri hefur þegar hafist handa við greiningarvinnu og lofar það starf góðu. En við skulum ekki gleyma því að félagamálin eru ekki málefni eins manns eða eins teymis þau eru mál okkar allra. Þetta á að vera einfalt, ef að formaður í klúbbi sér fram á að missa út féлага þá þarf hann að ná inn tveimur. Þannig þarf hann að hugsa. Yfirstjórnin þarf að færa sig nær formönnunum og stjórnunum þannig að það séu fleiri snertifletir á milli þessara eininga heldur en bara heimsóknir umdæmisstjórnanna.

Samskipti

Við höfum ákveðið að reyna að stytta bilið milli „yfirstjórnar“ og hins almenna féлага. Við þurfum að taka tæknina meira í okkar þágu.

Við umdæmisstjórnarnir ætlum að vera duglegri við það að senda skilaboð beint til hins almenna Lionsmanns. Við munum nota tölvupóstinn, facebook og aðra miðla eftir því sem að færi gefst til. Við þurfum að yfirfara öll tölvupóstföng féлага og uppfæra þau í okkar skrá. Hugmyndin er að senda út mánaðarlega yfirlit um hvað sé á dagskrá í komandi mánuði.

Fræðslumálin

Við teljum að fræðslumálin séu í góðum farvegi hjá okkur, okkur hefur tekist betur að halda þeim. Við vonumst eftir að GLT teymið taki upp nordic curriculum námsefnið sem okkur sýnist að hafi verið gert að mestu. Það er rétt að geta þess að það er eitt af markmiðum LCI að um 500.000. Lionsfélagar njóti fræðslu frá hreyfingunni á hverju ári. Ef við heimfærum það hingað heim þá værum við að horfa á 700. manns á hverju ári- getum við gert það?

LCIF

Alþjóðahjálparsjóðinn var stofnsettur árið 1968. Sjóðurinn miðlar framlögum Lionsklúbba, fyrirtækja, einstaklinga og annarra til alþjóðlegs hjálparstarfs. Allt sem gefið er til sjóðsins fer úr honum aftur ekkert af framlögum fer í rekstur. Til marks um gæði sjóðsins hefur hann verið tilnefndur til friðarverðlauna nóBELS og annarra viðurkenninga.

LCIF vinnur með öðrum í verkefnum, t.d. mislingaverkefnið þar sem að hver skammtur kostar dollar-auk þess leggur GAVI stofnunin annan dollar á móti Lions þannig að framlagið til verkefnisins tvöfaldast. Það er til marks um hversu mikillar virðingar LCIF nýtur að aðrir aðilar vilja vera í samstarfi og eru öruggir um að framlögin skila sér á réttan stað.

Við munum leggja sérstaka áherslu á framlög til sjóðsins en það er frábært tækifæri fyrir okkur lionsfélaga til þess að leggja alþjóðlegu hjálparstarfi lið.

Hér að framan hefur verið tæpt á helstu markmiðum okkar umdæmisstjórnanna, það er gott og blessað að setja sér markmið en það sem mestu máli skiptir er að félögum í lionsklúbbunum vítt og breytt um landið hafi gaman af starfinu þá kemur allt hitt að sjálfa sér.



Fréttir af starfinu

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Starfsárið líður alltof hratt og mörg verkefni framundan og í gangi. Ég nefni hér það helsta.

Félagamálin

Brýnt er að við tökum okkur tak í félagamálum. Lions á Íslandi hefur orðið fyrir miklum áföllum á þessu ári, en tveir klúbbar hafa hætt. Nú þarf að snúa vörn í sókn, á næstu vikum munum við standa fyrir kynningafundum á höfuðborgarsvæðinu þar sem félagsmenn geta komið með væntanlega nýja féлага og fengið kynningu á Lions. Framkvæmdaráð Lions GAT er að undirbúa þessa fundi. Á næstunni munu koma auglýsingar á þeim. Kynning á Lions fór fram á Akureyri fyrir nokkru, sjá grein Björns Guðmundssonar umdæmisstjóra 109B.



Haldinn var formannafundur í lok september bæði í Reykjavík og á Akureyri. Þar voru kynntar nýjungar varðandi framkvæmdaráð Lions GAT, sem í eru félagastjóri, leiðtoga- og fræðslustjóri og nýtt embætti verkefnastjóra. Þetta teymi á ásamt fjölumdæmisstjóra að vera leiðandi og stefnumótandi um starf Lions ásamt umdæmisstjórunum. Umdæmisstjórnarnir eru einnig með tilsvarendi teymi.

Húsnæðismál

Við höfum verið að innrétta húsnæði okkar í Hlíðasmára þannig að þar sé hægt að hýsa fundi fyrir allt að 40 manns. Þar hafa allmargir félagar komið að og öflugastur hefur verið Guðmundur Helgi Gunnarsson fjölumdæmisritari, félagi í Lionsklúbbnum Fjörgyn, auk féлага í Lionsklúbbnum Víðarri. Guðmundur Helgi stjórnaði sem kunnugt er framkvæmdum við að mála og lagfæra fjölda atriða í heimilinu á síðasta starfsári. Hann var núna síðast að setja upp hurð inn á skrifstofur Lions og Medic Alert þannig að hægt er að hafa lokað þar inn þegar óviðkomandi eru í fundarsalnum.

Félagar í Lkl. Víðarri opnuðu fundarsalinn fram í hol heimilisins. Þetta var gert svo hægt sé að halda fundi fyrir fleiri en 25 manns. En það var augljóst að þörfin var til staðar þegar við höldum síðast formannafund í september en það mættu rúmir 40. Frekari verkefni eru framundan, það er að lagfæra eldhús svo að vinnuaðstaða sé til að vera með fundi á staðnum. Hins vegar er alltaf gott að láta svona mál þróast og það verður skoðað hvernig húsið reynist og teknar ákvarðanir um frekari breytingar ef þörfin rekur okkur til þess.



Minning + Guðni Christian Andreasen



Guðni Christian Andreasen betur þekktur sem Guðni bakari gekk í Lionsklúbb Selfoss fyrir rúmum 30 árum. Hann tók þá strax virkan þátt í starfi klúbbsins. Guðni hefur gegnt flestum trúnaðarstörfum innan klúbbsins m.a. stöðu formanns, gjaldkera og ritara. Flest árin hefur hann starfað í blaðanefnd/ritnefnd en eitt helsta fjáröflunarverkefni klúbbsins er útgáfa Jólablads Lions. Þar sá hann um reikningagerð fyrir auglýsingar og innheimtu. Guðni var

útnefndur Melvin Jones félagi sem er æðsta heiðursviðurkenning lionsshreyfingarinnar. Guðni var þægilegur, traustur og góður félagi með hlýja nærveru. Hann var afar greiðvikinn maður sem sagði sjaldan nei væri hann bedinn einhvers og þær eru ófáar vinnustundirnar sem hann lagði af mörkum fyrir lionsklúbbin. Við félagar í Lionsklúbbi Selfoss kveðjum Guðna með þökkum fyrir allar góðu samverustundirnar og þá miklu og góðu vinnu sem hann lagði af mörkum. Við vottum fjölskyldu Guðna okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Lkl Selfoss Sveinn Sigurmundsson formaður.

Frá Lionsklúbb Seltjarnarness Lesið fyrir hund



Laugardaginn 30. september afhentum við í Lionsklúbbi Seltjarnarness Bókasafni bæjarins, félaginu Vigdís- “vinum gæludýra á Íslandi”, veglegan styrk í verkefnið „Lesið fyrir hund“. „Félagið Vigdís“ sem stofnað var árið 2013 er aðili að lestrarverkefninu R.E.A.D – *Reading Education Assistance Dogs* sem starfar um allan heim með um 4 þúsund sjálfbóðaliðum. Markmið félagsins er að efla læsi barna með því að hvetja þau til yndislesturs. Lestrarstundir með hundi hafa reynst börnum vel, hundurinn er góður hlustandi sem að gagnrýnir ekki barnið meðan á lestrinum stendur, heldur hjálpar því að slaka á og liggur rólegur á meðan lesið er. Sjálfbóðaliðinn sem á hundinn ræðir síðan við barnið um innihald



sögunnar til að aðstoða og tryggja betri lesskilning. Verkefnið „Lesið fyrir hund“ hefur verið starfrækt á bókasöfnum og í skólum og býðst nú börnum að koma og lesa fyrir hund á bókasafni Seltjarnarness. Skráning er á netfangið sigrigur@nesid.is eða í síma 5959172.

Kveðja frá Lionsklúbbum Seltjarnarasi

Myndir: Jón Páll Ásgeirsson Lionsklúbb Seltjarnarasi.

Nýtt í Klúbbastarfinu: GAT, GLT, GMT og GST Hvað er, af hverju og hvernig

Staðreynd 1. Slakur árangur félagafulltrúa og eða félaganefnda, Sformanna verkefanefnda við að fjölga eða halda í þá félaga sem við höfum er staðreynd og slök mæting nýliða til fræðslu og félaga líka.

Staðreynd 2. Okkur fækkar og erfiðara er að leggja lið sama fjölda fólks eða fleiri.

Staðreynd 3. Á 100 ára afmæli hreyfingarinnar hefur Alþjóðastjórnin samþykkt að stefna að því að árið 2021 leggi hreyfingin 200 milljónum manna lið á ári og félagar verði 1,7 milljónir þá.

Hvernig getum við brugðist við? Alþjóðastjórnin telur að lykkillinn sé aukin samvinna embættismanna. Stór aukin. Þessi aukna samvinna byrjar í klúbbunum með embættismönnum sem við þekkjum vel. Formanni félaganefndar (GMT), formanni verkefanefndar (GST) og formanni klúbbsins. Lagt er til klúbbar fá varaformanni klúbbsins (GLT) ný verkefni, í leiðtoga og fræðslumálum og veiti hann formennsku leiðtoga og fræðslunefnd. Formaður klúbbsins (GAT) stýrir starfi þessara manna og gefur um þau skýrslu til samsvarandi embættismanna í umdæminu



Til ýta þessu í framkvæmd hafa verið gefnar út nýjar starfslýsingar fyrir störf þessara embættismanna. Þeim er verið að dreifa til viðkomandi þessa dagana.

Fyrir hvað standa þá þessir blessaðir bókstafir.

G stendur fyrir global. Til að sýna að störf þessara embættismanna eigi að vera eins um allan heim. T stendur fyrir teymi til að undirstrika að þessir embættismenn eigi að vinna saman í klúbbum, umdæmum, fjöllumdæmi og milli landa

Millistafirnir standa svo fyrir málaflokka embættismannanna. M fyrir membership (féлага þróun) L fyrir leadership (leiðtoga þjálfun) og S fyrir service (þjónustu) A stendur fyrir action (framkvæmdanefnd). Formaður sem heldur utan um störf þessara embættismanna.

Jón Gröndal

Lions bjargar börnum í Indónesíu frá mislingum og rauðum hundum

Eftir Jamie Konigsfeld



Enn einu barni bjargað, lionsfélagar sinna verkefninu með bros á vör.

Við munum gera þennan heim öruggari fyrir börn," segir fjölumðemisstjórinn Jono Koesmo, sannfærður um að barátta Lions gegn mislingum og rauðum hundum í Indónesíu muni skila árangri.

Báðir þessir sjúkdómar eru mjög algengir í Indónesíu og þúsundir tilfella eru tilkynnt árlega. Mislingar valda í flestum tilfellum ótímabærum dauða eða að minnsta kosti alvarlegum heilaskemmdum, heyrnarskerðingu og blindu. Rauðir hundar valda oft fósturláti og fæðingargöllum.

Að sjálfsgöðu geta Lionsfélagar ekki staðið aðgerðarlausir við þessar aðstæður. Með stuðningi frá alþjóðahjálparsjóði Lions hafa Lionsfélagar í fjölumðemi 307 í Indónesíu hafið bólusetningarátak í samvinnu við þarlend heilbrigðisyfirvöld og GAVI stofnunina sem jafnar öll framlög Lions til átaksins. Í þessu tveggja ára átaki er stefnt að bólusetja að minnsta kosti 95% eða um það bil 70 milljón indónesísk börn gegn mislingum og rauðum hundum. Indónesísk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að koma slíkri bólusetningu inn í almenna heilbrigðiskerfið eftir að átakinu lýkur. Markmiðið er að mislingum og rauðum hundum verði útrýmt í landinu árið 2020.

Til að ná markmiðinu hefur verkefninu verið skipt í tvö þrep. Fyrra þrepið var framkvæmt á eyjunni Jövu í ágúst og september á þessu ári.

Allir skólar eyjunnar skipulögðu sérstakan bólusetningardag fyrir alla nemendur á aldrinum 6 – 15 ára. Allar heilbrigðisstofnanir á eyjunni tóku svo þátt í að ná til barna á aldrinum 9 mánaða til 6 ára. Þannig náðist að bólusetja öll börn á eyjunni.

Seinna þrep verkefnisins hefst 2018 en þá verður stefnt að því að ná til allra annarra barna í landinu.

„Það hefur komið mér verulega á óvart hversu miklar ranghugmyndir eru uppi varðandi bólusetningu," segir fjölumðemisstjórinn Koesmo en hann hefur verið mjög ötull við að sinna verkefninu. Hann segir að Lionsfélagar hafi beitt fyrir sig skólum og öllum tiltækum miðlum til að ná til foreldra og barna. Þeir hafa einnig notið aðstoðar yfirvalda og trúarleiðtoga.

„Þessi bólusetningarherferð mun bjarga milljónum barna frá banvænum smitum og hafa mikil áhrif á heilsufar í Indónesíu. Með stuðningi alþjóðahjálparsjóðsins munu Lionsfélagar í Indónesíu ekki unna sér hvíldar fyrr en verkefninu er lokið," segir Koesmo.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Kynning á starfsemi Lions í tilefni af 100 ára afmæli hreyfingarinnar



Á svæðisfundi í lok síðastliðins starfsárs var ákveðið að klúbbar á svæði 6 (Eyjafjörður og Húsavík) stæðu sameiginlega að kynningu á starfsemi hreyfingarinnar. Í framhaldi af svæðisfundinum boðaði Árni V. Friðriksson aldarafmælisfulltrúi Lkl. Hængs aðra afmælisfulltrúa svæðisins til fundar ásamt viðtakandi svæðisstjóra, umdæmistjóra og aldarafmælisfulltrúa umdæmisins. Fundurinn var haldinn í lok apríl og var strax ákveðið að standa veglega að verkefninu, jafnframt var ákveðin dagsetning eða þann 7. október. Ákveðið var að þrennt skyldi gert.

- ✓ Sameiginleg gjöf sem myndi nýtast alls staðar á svæðinu.
- ✓ Kynning á starfsemi hreyfingarinnar á fjölmennum stað, t.d. Glerártorgi eða öðrum slíkum stað.
- ✓ Sameiginleg skemmtun Lionsfólks.

Gjöfin

Það er alltaf vandasamt að finna gjöf sem hægt er að nota á öllu svæðinu, en það var skilyrði að slíkt yrði hægt. Gerður Jónsdóttir, svæðisstjóri á svæði 6, hafði samband við Jón Torfa Halldórsson lækni og stakk hann upp á augnskanna. Augnskanni er tæki sem hjálpar til við að mæla sjón hjá ungum börnum. Við afhendingu tækisins kom fram í máli Huldu Pétursdóttur, hjúkrunarfræðings, að tækið myndi nýtast vel við að greina þau börn sem þyrftu nákvæmari greiningar við og ekki síst börn t.d. með hinar ýmsu fatlanir og greiningar. Tækið er lítið og hægt er að færa það milli heilsugæslustöðva án nokkurra vandkvæða þannig að von okkar er sú að það fari víða og verði mikið notað.



Fólki gefin kostur á að prófa gleraugu sem líktu eftir sjóngalla.



Afhending sjónmælingatækisins – frá vinstri: Gerður Jónsdóttir svæðisstjóri, Hulda Pétursdóttir ljósmóðir á HSN, Valur Helgi Kristinsson heimilislæknir og Þorgerður Hauksdóttir hjúkrunarfræðingur.

Kynningin

Ákveðið var að vera með lifandi kynningu á klúbbunum á Glerártorgi laugardaginn 7. okt. milli 14 og 16. Fengnir voru kynningarstandar hreyfingarinnar úr Reykjavík. Um 10-15 Lionsfélagar stóðu vaktina, útteildu bæklingum, töluðu við gesti og gangandi. Settur var upp Boccia-völlur og gestum leyft að prófa að kasta bocciaboltum, sýnt var afmælismyndband Lkl. Húsavíkur og fleira. Deginum áður var viðtal við okkur Árna V. Friðriksson, afmælisfulltrúa Lkl. Hængs og fyrrverandi fjöllumdæmistjóra, í föstudagsþættinum á N4. Þess má geta að hreyfingin var auglýst með stórum merkjum aftan á 3 af 4 strætisvögnum á Akureyri með slagorðinu „Lions leggur lið í heimabyggð“



Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri fær sjónmælingu hjá Þorgerði Hauksdóttur.

Sameiginleg skemmtun Lionsfólks

Upphaflega var lagt upp með að vera með sameiginlega skemmtun í lok dags, eins konar uppskeruhátíð. Það var horfið frá því en ákveðið að afhenda augnskannan og aðrar þær gjafir sem klúbbarnir vildu í samkvæmi milli 17 og 19 sama dag. Þar mættu milli 20 og 30 manns bæði fulltrúar þiggjenda og Lionsfélagar. Þarna voru afhentir bekkir, þakkarbréf vegna merkinganna á strætisvagnana, augnskanninn og fleira sem klúbbarnir á svæðinu stóðu að sameiginlega eða stakir. Þetta var notaleg stund sem við áttum saman þarna og til eftirbreytni.

Að lokum

Það að standa að degi sem þessum eykur samhældni klúbba á svæðinu, við kynnumst betur öðrum Lionsfélögum. Það er einnig mikilvægt að

gera meira úr því þegar klúbbar veita styrki, það eykur slagkraft hreyfingarinnar og varpa ég þeirri hugmynd fram hvort hægt sé að hafa slíkar afhendingar á svipuðum tíma út um allt land. Það þarf ekki endilega að þýða það að gjafir klúbbanna séu afhentar einu sinni á ári heldur eingöngu að gjafabréf sé afhent með viðhöfn þrátt fyrir að gjöfin hafi verið afhent áður.

Myndir tók Árni Viðar Friðriksson félagi í Lionsklúbbnum Hæng.

Björn Guðmundsson, umdæmisstjóri 109B og félagi í Lionsklúbbnum Hæng



Kynning á Glerártorgi.



Bocciavöllur settur upp og fólki gefin kostur að spila.

Lionsklúbbur Nesþinga gefur peningagjöf



Halldór formaður afhendir Þóru gjöfina.

Þriðjudaginn 10. október komu félagar í Lionsklúbbi Nesþinga saman og héldu fund í Sjómannagarðinum á Hellissandi. Þóra Olsen forsvarsmáður garðsins tók á móti mannskapnum og greindi þeim frá þeim miklu og góðu framkvæmdum sem átt hafa sér stað síðustu misserin. Félagar voru sammála um að safnið væri glæsilegt og veitti góða innsýn inn í sögu sjávarútvegsins á Snæfellsnesi. Það var Halldór Kristinsson formaður sem afhenti Sjómannagarðinum peningagjöf að verðmæti 100.000 kr. og þakkaði Þóra kærlega fyrir og taldi víst að þessir peningar kæmu sér vel í komandi framkvæmdum.



Félagar skoða hluta af nýbyggingunni.



Þóra þakkar fyrir gjöfina og segir frá framkvæmdum.

Orkester Norden

LIONS samtökin hafa það megin markmið Lað leggja lið, afla fjár til að styrkja og efla samfélagið sem þau starfa í hverju sinni. Lionsklúbbar á Íslandi hafa lagt fjölmörgum málefnum lið og oft hefur aðkoma LIONS beinlínis skipt sköpum um framgang ýmislegra verkefna.

Hér er auðvitað fullkomlega óþarft að tíunda öll markmið LIONS hreyfingarinnar, en rétt er að hnykkja á því markmiði að auka þekkingu okkar á öðrum þjóðum og um leið að kynna íslenska menningu meðal annarra þjóða. Auk þess viljum við efla samfélagin sem við störfum í og hlúa að menningu okkar.

Þáttur í menningartengdu starfi samtakanna er aðild að Orkester Norden. Þetta starf hefur ekki verið mikið kynnt í klúbbunum og frekar lítil umræða verið um það. Þó sendum við LIONS félagar á Íslandi á hverju ári nokkur ungmenni til þátttöku og hafa stjórnendur hljómsveitarinnar verið framúrskarandi. Hefur þátttaka í þessu samstarfi Norðurlandanna orðið til þess að stækka sjóndeildarhring þátttakendanna, stofna til kynna og tengsla á milli þátttakenda og aukið þeim færni í samspili í hljómsveit.

Orkester Norden er hljómsveit skipuð nemendum tónlistarskólanna á Norðurlöndum. Hún var upphaflega stofnuð af sænsku LIONS hreyfingunni fyrir um 25 árum síðan.

Sagan

Til að fræðast meira um hlut okkar Lions á Íslandi um starf Orkester Norden hitti ég tónlistarkonuna Katrín Arnardóttur úr Lkl. Engey. Katrín hefur fylgst með starfi hljómsveitarinnar um langt árabíl. Við fengum okkur kaffi á kaffihúsi úti í bæ og spjölluðum um hljómsveitina.

Sp: Segðu mér Kata, hvernig kom þetta samstarf til?

Katrín: Jú sjáðu til, þetta var þannig að sænski alþjóðaforsætinn Sten Åkerstan hafði tekið þá ákvöðrun að nýta ekki þann bílastyrk sem fylgdi embætti alþjóðaforsætis LIONS en safnaði honum í vænan sjóð. Þegar hann lauk svo starfi sínu sem alþjóðaforsæti, þá vildi hann sem sænskur LIONS félagi stofna til sérstaks sjóðs í þágu norræna ungmenna.

Sten var mikill vinur Lennart Fridén þáverandi fjölmúðamisstjóra í Svíþjóð. Lennart Frienen var ekki bara fjölmúðamisstjórinn í Svíþjóð, hann var líka tónlistarskólalastjóri við tónlistarskóla þar. Draumurinn var að búa til samnorraent tónlistarverkefni og stofna heila símfóníuhljómsveit ungra hljóðfærleikara á Norðurlöndunum. En þó svo sjóðurinn væri

alldigur, þá dugði hann ekki til að fara með málið alla leið. Þeir félagar og LIONS vinir höfðu því samband við annan góðan féлага og vin, Torbjörn Fálldin sem var formaður Norræna félagsins í Svíþjóð og jafnframt áhrifamikill stjórnmalamaður og fyrrverandi forsæti-sráðherra Svíþjóðar. Torbjörn hreyfist af hugmyndinni um samstarfsverkefni LIONS og Norðurlandanna í gegnum tónlistarstarfs ungs fólks. Hann fór með hugmyndina fyrir Norræna menningarsjóðinn sem samþykkti að styrkja verkefnið. Þannig raungerðist þessi hugmynd um samnorraent verkefni ungra hljóðfærleikara fyrir tilstuðlan LIONS á Norðurlöndum og Norrænu félaganna og Orkester Norden varð til.

Sp: Manstu hvenær þetta var?

Kata: Já, þetta var um 1993 minnir mig. Ég var fyrsti fararstjórinn til að fara til Svíþjóðar með sjö unga hljóðfærleikara. Ég man hvað Lennart varð hissa á að smáþjóð á borð við Ísland skyldi hafa upp á að bjóða sjö svo færa hljóðfærleikara í slíka hundrað manna símfóníuhljómsveit! Hann sagði að miðað við höfðatölu þá ættum við að geta sent hálfan tónlistarmann... (Kata hlær..)

Það var Ólafur Briem sem tók að sér að hrinda þessu verkefni í framkvæmd hér heima.

Sp: Hvernig starfar hljómsveitin og hver eru inntökuskilyrðin?

Kata: Þetta fer þannig fram að tónlistarskólunum hérna heima eru sendar upplýsingar um fyrirhugað val í hljómsveitina. Umsækjandinn skráir sig nú orðið bara í gegnum sérstaka vefsíðu og þar finnur hann þær nótur sem hann þarf spila. Umsækjandinn sendir síðan inn í sérstaka gátt upptökurnar sínar með umsókn um þátttöku.

Þeir sem eru valdir til að spila með hljómsveitinni eru síðan kostaðir út í 10 daga æfingarbúðir, þar sem fram fara æfingar á tilteknum verkum. Loks heldur hljómsveitin tónleika á því svæði þar sem æfingarnar fara fram. Stundum hefur hljómsveitin farið í ferðalög og mig minnir að hún hafi farið til Kína til að spila. Þegar hljómsveitin fór til Kína var það enginn annar en Esa Pekka Salonen sem stýrði hljómsveitinni og hann lét Ara Þór Vilhjálmsson vera konsertmeistara. Ara Þór stóð til boða að verða konsertmeistari aftur að ári, en þá var hann kominn í framhaldsnám erlendis.

Það er mjög hár standard á þessari hljómsveit og bara færustu hljómsveitarstjórar fengnir til að stjórna henni hverju sinni.

Í fyrsta hópnum sem við sendum út var



ungur flautuleikari frá Norðfirði, aðeins 17 ára gamall, Stefán Ragnar Höskuldsson. Hann hafði áhyggjur af því að vera settur í það hlutverk að leiða flauturnar í hljómsveitinni og spilaði því 1. flautu. Hann sagði sem svo: Kata, hvernig getur það verið að ég er að spila 1. flautu þegar hér er við hliðina á mér annar flautuleikari sem er miklu eldri en ég? Hann er ábyggilega 25 ára...., (Kata brosir). Ég sagði honum einfaldlega að hans prufuspil hefði borið af og því hefði hann verið valinn til að leiða flauturnar í hljómsveitinni.

Í dag er hann 1. flauta við símfóníuhljómsveitina í Chicago í Bandaríkjunum. Hann er búinn að vera að spila um allan heim, spilaði 1. flautu í Metropolitan hljómsveitinni í New York og var einmitt að spila einleik með Símfóníuhljómsveit Íslands núna um daginn.

Svo hafa fleiri afburða hljóðfærleikarar spilað með hljómsveitinni, t.d. Stefán Jón Bernharðsson sem er núverandi leiðari horndeildar Símfóníuhljómsveitar Íslands og Sigurgeir Agnarsson sem er leiðari sellódeildarinnar.

Það hefur ekki alltaf tekist að kosta alla umsækjendurna okkar frá Íslandi, núna síðast voru sjö ungrir tónlistarmenn valdir til þátttöku en við gátum aðeins kostað fimm þeirra út. En svona tækifæri eru gríðarlega mikilvæg fyrir ungt og upprennandi tónlistarfolk hér heima. Þau æfast í að spila með metnaðarfullri hljómsveit undir stjórn afburða hljómsveitarstjóra og leiðsögn færustu kennara.

Við Kata ljúkum úr kaffibollunum og kveðjumst. Hún heldur út í haustrigninguna og heldur til heimis þar sem hún þakkar niður og heldur til Spánar þar sem þau hjónin eiga sitt annað heimili. Ég flyti mér út í bíl og hugsu með mér: *Lionssamtökin á Íslandi geta sammarlega verið stolt af framlagi sínu til þessa menningarlega stórvirkis sem Orkester Norden er.*

Jóhanna Thorsteinson.

Lionsklúbburinn Ægir leggur Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur lið

Méðlimir úr Lionsklúbbnum Ægi komu færandi hendi á dögnum til Mæðrastyrksnefndar. Í farteskinu voru ríflega þúsund kíló af heilfrystri rauðsprettu af bestu gerð. Að vonum var Lionsfélögunum vel tekið enda mikil þörf fyrir aðstoð við skjólstæðinga nefndarinnar og kom þessi gjöf sér sannarlega vel. „Eins og aðrir Lionsklúbbar höfum við í Ægi það að markmiði að láta gott af okkur leiða og var það því okkur sönn ánægja að geta orðið að liði við það frábæra starf sem Mæðrastyrkskefnd sinnir.“ Sagði Jóhann B. Garðarsson, formaður Ægis við þetta tilefni.



Félagar úr Lionsklúbbnum Ægi og fulltrúar Mæðrastyrksnefndar við afhendinguna.
Frá vinstri: Ágúst Már Ármann, Halldór Steingrímsson, Adalheiður Frantzóttir, Ásthildur Guðlaugsóttir, Jóhann B. Garðarsson, Anna H. Pétursdóttir og Sveinbjörn F. Pétursson.

Þriðji í aldarafmæli



Jón Trausti Ólafsson framkvæmdastjóri Öskju tekur við þakkarskjali fyrir lánið á bílnum.

Þá er síðasta árið í Aldarafmælisfagnaði hafið, eins og allir vita þá var Lionshreyfingin 100 ára síðastliðið sumar, af því tilefni var efnt til afmælisfagnaðar sem taka átti þrjú ár. Það sem af er hefur þetta tekist nokkuð vel hjá okkur, margir klúbbar hafa verið með kynningar á starfseminni og þá hafa aldarafmælis- og kynningarteymin unnið saman að þessu mikla verkefni. Bæði með útgáfu á nýjum kynningabæklingi og einnig voru útbúnir standar með smá fróðleik um hver markmiðin voru á afmælisárinu, eru þetta standar sem klúbbar geta fengið lánaða ef þeir eru með kynningar á Lions. Á síðasta starfsári styrkti Bílaumboðið Askja okkur með því að lána okkur bíl til afnota sem merktur var með afmælismerki Lions, einnig fengum við stuðning frá Olíuverslun Íslands og vil ég þakka þessum aðilum fyrir stuðninginn.

Fram undan er blóðsykurmælingin, en það eru flest svæði sem taka þátt í því verkefni, vil ég endilega hvetja ykkur til að nota tækifærið og vera með veglegar kynningar á starfi Lions á sama tíma. Það er hægt með því að t.d. vera með kynningabæklinginn og dreifa honum,

vera dugleg að segja frá hvað klúbbarnir eru að gera og hversu skemmtilegt það sé að vera Lionsfélagi og látt gott af sér leiða!

Margir klúbbar og sum svæði hafa verið að gefa allslags tæki og tól af tilefni aldarafmælisins, ég vil hvetja ykkur til að muna eftir því að merkja þessar gjafir. Því miður hefur oft verið vöntun á að merkja það sem verið er að gefa en það er góð kynning á okkar starfi að vera sýnileg. Hægt er að fá merki hjá okkur í afmælisnefndinni á sanngjörnu verði, hægt að hafa þau í hvaða stærð sem óskað er eftir og einnig þann texta sem klúbbar vilja.

Í lokin vill ég hvetja ykkur til að mæta á lokaalदारafmælishátíðina á þinginu í vor sem haldið verður í Reykjanesbæ!

Lionskveðja
Pálmi Hannesson
Aldarafmælisstjóri



Af hverju missum við félaga?

Margir Lionsfélagar hætta af eðlilegum ástæðum við andlát, efnahagsþrengingar, veikindi eða flutning til svæða, þar sem ekki er starfandi Lionsklúbbur.

Aðrir hætta vegna þess að þeir eru ekki tilbúnir til að leggja það af mörkum sem nauðsynlegt er til að teljast góður Lionsfélagi.

Flestir detta þó út af ástæðum sem klúbburinn hefði getað komið í veg fyrir. Klúbbur, sem ætlar sér að halda nýjum félögum þarf að hafa öfluga félaganefnd og virkt starf í gangi við öflun félaga.

Öflugt og áhrifaríkt átak til að halda félögum í klúbbnum kemur ekki af sjálfu sér.



Þannig átak samanstendur af fjórum jafn veigamiklum þáttum:

1. Samvinnu stjórnar, félaganefndar og nefndarformanna.
2. Starfi félaganefndar.
3. Skilningi og þátttöku allra félaga.
4. Vel skipulagðri og framkvæmdri áætlun um að virkja félaga og stuðla að áframhaldandi veru þeirra í klúbbnum.



Félagar hætta í klúbbnum:

- 1) Ófullnægjandi upplýsingar um nýja félagann.
- 2) Kuldalegar móttökur.
- 3) Ófullnægjandi fræðsla áður en gengið er í klúbbinn.
- 4) Engin þátttaka í starfi.
- 5) Slök stjórn í klúbbnum.
- 6) Of lítil athygli, of lítið sinnt.
- 7) Meðmælandi bregst skyldum sínum.
- 8) Lítið um vináttu eða félagsskap. Klíkur í klúbbnum.
- 9) Brostnar væntingar til Lions.
- 10) Leiðinlegir fundir, stífir og ósveigjanlegir.
- 11) Sjálfánægja, skeytingarleysi og slen af hálfu klúbbfélaga.
- 12) Nýjum félögum ekki hrósað.
- 13) Félagar ekki hvattir til að taka þátt í athöfnum umdæmis og fjöllumdæmisins eða sækja námstefnur.

Skyldur meðmælenda

Með því að mæla með nýjum félaga eruð þið að hjálpa klúbbnum ykkar til að viðhalda og endurnýja lífskraftinn í klúbbnum. Þið stuðlið að því að nýir straumar og vindar leiki um klúbbinn ykkar. En allt of margir skipta sér lítið af félaganum eða ekkert eftir að hann kemur inn

Meðmælandi hvetur til þess að nýr félagi:

- Fáí áhrifamikla inntökuathöfn.
- Fáí nýliðamöppu og Lions-merki.
- Fáí góðar móttökur hjá eldri félögum.
- Sé kynntur fyrir öllum félögum og stjórnarmönnum.
- Fáí verkefni.

- Komist á nýliðanámskeið um hreyfinguna og fer með honum þangað.
- Fáí góða fræðslu um klúbbinn.
- Fáí tækifæri til að tjá sig á fundum um það sem er til umræðu innan klúbbsins.
- Fáí tækifæri til að þjálfa leiðtogahæfileika sína.
- Sé hvattur til að sækja alla fundi.

Minning + Birgir Sveinsson, Lionsklúbbnum Garður



Látinn er góður félagi okkar í Lionsklúbbnum Garði, Birgir Sveinsson eða Biggi eins og við félagarnir kölluðum hann, Biggi var fæddur 25. maí 1938 og lést þann 21. júní síðastliðinn. Biggi gekk til liðs við okkur 1. október 1989, hann gegndi ýmsum embættum innan klúbbsins. Hann var meðal annars ritari í nokkur skipti, þá starfaði hann mikið við útfaraþjónustuna sem klúbburinn rak í tæp tíu ár og var það töluvert mikil

vinna að sinna því, en við sáum um flestar útfarir á Suðurnesjunum í tæp tíu ár. Það var alltaf létt yfir Bigga, hann gat farið með ógrynni af vísum og gamansögum og ekki skemndi fyrir hve gaman hann sjálfur hafði af. Klúbburinn heiðraði Bigga fyrir hans störf í þágu Lions og veitti honum æðstu viðurkenningu og gerði hann að Melvin Jones félagi. Við vottum fjölskyldu Bigga okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Pálmi Hannesson
Ritari Lkl. Garður.

Asparkonur í starfi og leik

Hjá okkur Asparkonum á Akureyri gengur lífið sinn vanagang líkt og hjá flestum Lionsklúbbum. Félagsskapurinn samanstendur af góðum konum sem hafa þróað með sér vináttu í gegnum súrt og sætt. Þannig er lífið, það skiptast á skin og skúrir. Það hefur verið okkur Asparkonum þungbær reynsla að sjá á eftir tveimur klúbbsysturum okkar, þeim Erlu Hallgrímsdóttur og Hallfríði Magnúsdóttur, á innan við einu ári. Báðar voru þær stofnfélagar Lionessklúbbsins Aspar sem síðar varð Lionessklúbburinn Ösp. Þar gegndu þær trúnaðarstörfum auk þess að lífga upp á klúbbinn með nærveru sinni og við söknum þeirra sárt.

Þrátt fyrir áföllin höldum við keikar áfram veginn, leggjum lið og sinnum mikilvægu líknarstarfi líkt og við höfum gert. En ekkert félagsstarf gengur nægilega vel ef ekki kemur til skjalanna glens og gaman af einhverju tagi. Fyrir því hefur skapast einskonar hefð að nefndir hvers árs sjá um að allir fái eitthvað gott í gogginn á fundum, í bland við fróðleik og einhverja skemmtun. Allur gangur er á því hvort maturinn er aðkeyptur, eldaður af klúbbkonum heima eða á staðnum, jafnvel útbúnar nestiskörfur. Á nýliðnum fundi í október höfðu konur með sér nesti í fagurlega útbúnum körfum, forrétt og aðalrétt, bollapar og vínstaup. Eftirrétturinn og kaffið í spari-bollana fékkst þó að þessu sinni á staðnum. Hugmyndaflugið skortir því ekki hjá Asparkonum.

Síðastliðið haust brugðum við okkur, í beinu flugi frá Akureyri, í menningarferð til Berlínar ásamt mökum. Ferðin til stórborgarinnar var ljómandi skemmtileg enda margvísleg upplifun í boði hvort sem um er að ræða mat og drykk eða hvers konar minjar sem nóg er af í Berlín. En sannarlega má gera góða ferð þó ekki sé farið um langan veg, því þorablótið héldum við að þessu sinni í Mývatnssveit. Líkt og vanalega var þar gleði og gláumur. Vorferðin var svo haldin að Lambinn í Öngulsstaðahreppi hinum forna, veitingastað hér rétt í túnfæti Akureyrarbæjar sem sérhæfir sig í að bera fram rammíslenskt lambakjöt. Alveg mögnuð ferð.

Líknarstarfið er þó það sem allt snýst um og þar reynum við stöðugt að finna nýjar leiðir til að afla tekna og láta þannig gott af okkur leiða. Á vordögum héldum við bingó, sem er ný fjáröflun í okkar hópi, og stefnum á annað



nú í október. Jólastjörnur seljum við svo alltaf fyrir jólin auk þess að taka að okkur hreingerningar, atkvæðatalningu og annað sem við teljum okkur ráða við með góðu móti.

Einn sunnudag í mánuði fer hver nefnd á dvalarheimilið Lögmannshlíð og á þar notalega samverustund með heimilisfólkinu, sem lýkur með því að allir spila bingó. Virkilega gefandi líknarstarf þar sem einu launin eru þakklæti, nákvæmlega það sem líflegt Lionsstarf gengur út á.

Til að lífga upp á upptalninguna læt ég fylgja fáeinir myndir af Asparkonum í starfi og leik í gegn um tíðina.

*Með góðri kveðju frá Lionessklúbbum Ösp á Akureyri,
Anna Sigríður Halldórsdóttir.*

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Fréttir frá Lkl. Hveragerðis og Lkl. Eden



Fulltrúar frá Lkl. Hveragerðis og Lkl. Eden mættu „upp í dal“ fyrir ofan Hveragerði laugardaginn 7. október til að planta plöntum í Lionslundinn okkar. Ríflega 500 plöntum var plantað í töluverðri rigningu en með léttu lund í farteskinu og sól í hjarta gekk þetta vel og var ánægjuleg upplifun.



Lionsklúbbur Stykkishólms gefur Stykkishólmskirkju gjöf

Lionsklúbbur Stykkishólms hefur á sínum 50 ára starfsferli staðið dyggilega við bakið á starfsemi Dvalarheimilisins og St. Fransiskusspítala með margvíslegum gjöfum. Í haust afhenti klúbburinn Stykkishólmskirkju að gjöf upptöku- og sendingarbúnað sem komið er fyrir í kirkjunni og er ætlað að senda út athafnir yfir á Dvalarheimili aldraða og St. Fransiskusspítala. Tílefnið er að gefa íbúum á Dvalarheimilinu og sjúklingum á spítalanum tækifæri að fylgjast með athöfnum í kirkjunni í gegnum sjónvarp, einkum jarðarförum. Margir á þessum stofnunum hafa ekki heilsu eða aðstæður til að fylgja samferðarmönnum sínum síðasta spölinn þó þeir gjarnan vildu. Með þessum búnaði geta þeir fylgst með jarðarförum á sinn hátt. Á Dvalarheimilinu safnast íbúar saman í setustofunni þar sem búið er að raða stólum og fylgjast þeir með athöfninni með sálmaskrá í höndum. Eftir athöfn hefur jafnvel verið boðið upp á veitingar. Vandað var til kaupa á tækjum til að tryggja gæðin. Í útsendingum koma hljóð og mynd mjög vel út og er mikil ánægja með að klúbburinn hafi staðið að þessu verkefni.



Gjöf veitt móttöku. Efri röð: Gunnar Eiríkur Hauksson, sóknarprestur, Lionsmennirnir, Agnar Jónasson og Gunnlaugur Árnason. Neðri röð: Hrafnhildur Jónsdóttir, deildarstjóri Sjúkrahússins, Áslaug I. Kirstjánsdóttir, formaður sóknarnefndar og Kristín Hannesdóttir, forstöðukona Dvalarheimilisins. – Myndataka: Anna Melsted.

Lionsklúbburinn Embla



Starfsaldursmerki afhend, Geirþrúður, varaumdænisstj. 109A, Sigurbjörg, Kristín, Guðrún og María.



Emblukonur á fundi, hlusta á Guðrúnu gjaldkera.

Nú er haustið komið, þetta líður allt svo fljótt, tíminn flýgur. Haustið það sem af er gott, og ekki yfir neinu að kvarta. Við Emblu konur höfum okkar vetrarstarf með fyrsta fundi 26. sept. s.l. og fórnum í langferðabifreið í smá óvissuferð, ákváðum að byrja á léttum fundi svona í upphafi starfsárs. Þetta var skemmtileg sveitaferð, skoðuðum fallett kúabú, þar sem allt er sjálfvirkt, og alveg magnað að sjá þetta allt. Þetta var hjá stórbændum á Reykjum á Skeiðum, þeim Rúnari Bjarnasyni og konu hans Birnu Þorsteinsdóttur, alveg glæsilegt bú. Svo var endað á Hestakránni og þar haldinn fundur og borðuð góð kjötsúpa enda ekki langt síðan að það voru réttir í hverri sveit. Gott ferðalag í byrjun til að þjappa okkur vel saman fyrir veturinn.

Vinna við fjáröflun er komin á fullt skrið hjá okkur við að afla fjár til líknar- og góðgerðamála og þar má nefnda prentun og sölu jólakorta en við höfum enn tröllatrú á að fólk vilji og fari að nota aftur í meira mæli að senda persónuleg jólakort heldur en kveðjur á samfélagsmiðlum þó þær geti verið fallegar líka en hitt er mun persónulegra. Og nú stendur fyrir dyrum að pakka kortum og selja fyrir jólin og erum við bjartsýnar á þetta gangi vel eins og alltaf.

Undirbúningur er líka í fullum gangi fyrir Konukvöld sem verður haldið 3. nóv. n.k. og er fjáröflun líka. Þetta hefur gefist vel hjá okkur undanfarin ár. Þar er borðaður góður matur, skemmtiatriði, tískusýning, rabbað saman og átt gott kvöld með góðum vinkonum.

Svo má ekki gleyma að nú er að bresta á fyrra diskótekið sem haldið er fyrir fatlaða skjólstæðinga okkar en það verður 21. okt. n.k. og allir

hlakka til þessa viðburðar bæði við Emblu konur og okkar skjólstæðingar því þar skemmta allir sér saman og ríkir mikil gleði.

Á fundi okkar 10. okt. fengum við góðan gest til að ræða Lionsmál við okkur og var það mjög skemmtilegur fyrirlestur sem Geirþrúður F. Bogadóttir, varaumdæmisstjóri 109A hélt og var fróðlegt og skemmtilegt og alltaf gott að skerpa á þessu góða málefni sem við lionsfólk um víða veröld erum að starfa að. Geirþrúður var alin upp að hluta til á Selfossi sem unglingur og sagði okkur skemmtilega frá þeim árum hér.

Geirþrúður afhenti nokkrum Emblukonum viðkenningu fyrir störf innan Lions, sem er alltaf skemmtilegt og ánægjulegt.

Á þessum fundi færðum við líka þrem af okkar ágætu Emblukonum, sem átt höfðu stórafmæli á árinu gjafir, en það eru þær Hafdís Júlía Hannesdóttir, Ragnheiður Ágústsdóttir og Sigurbjörg Hermundsdóttir, og njóti þær vel.

Svona í lokin þá vonum við Emblu konur að við fáum góðar viðtökur við sölu jólakortanna okkar eins og ávallt hefur verið og erum óendanlega þakklátar fyrir allan stuðninginn sem við mætum allstaðar sem ber að þakka enn og aftur.

Sendum góðar lions haustkveðjur með von um gott starfsár fyrir okkur öll.

Guðrún Guðnadóttir, blaðaftr. LKL Emblu

Lionsklúbburinn Garði

Lionsklúbburinn í Garði hefur látið útbúa platta sem hægt er að setja með gjöfum sem lionsklúbbar eru að gefa. Við viljum hvetja klúbba til að merkja það sem verið er að gefa og getur Pálmi Hannesson (palmiha@simnet.is) útvegað svona merkingu. Plattinn er úr plexigleri og er bæði hægt að festa hann með því að líma hann og eða skrúfa. Hægt er að setja hvaða texta sem er og fá plattann í þeirri stærð sem hentar.





Fræðslukorn



- Kanada
- Suður Ameríka, Mið-Ameríka, Mexíkó og Eyjar Karabíahafsins
- Evrópa
- Austurlönd og Suðaustur-Asía
- Suður-Asía, Afríka og Miðausturlönd
- Ástralía, Nýja Sjáland, Papúa Nýja Gínea, Indónesía og eyjar í Suður Kyrrahafi

Næsti hluti alþjóðlegrar uppbyggingar er alþjóðleg stjórn, sem felur í sér yfirmenn og stjórnendur.



Stjórnarmenn eru alþjóðaforseti, fráfarandi alþjóðaforseti, fyrsti varaforseti, annar varaforseti, kjörnir alþjóðastjórnarmenn, skipaðir alþjóðastjórnarmenn, og ráðnir stjórnendur Lionsreyfingarinnar sem starfa sem fulltrúar embættismanna en það eru m.a. framkvæmdastjóri, ritari, gjaldkeri og aðrir sem tilnefndir eru af alþjóðlegu stjórninni.

Það er skylda allra yfirmanna er að auka tilgang Lions Clubs International.



Lokaþátturinn í uppbyggingu Lionshreyfingarinnar eru höfuðstöðvarnar í Oak Brook, Illinois, Bandaríkjunum. Þar eru um 300 starfsmenn veita aðstoð og stuðning við rétt rúmar 1,4 milljónir Lionsfélaga um heim allan.



Alþjóðlegir stjórnarmenn eru valdir á grundvelli laga Lions Clubs International sem er skipt upp í 7 alþjóðasvæði sem fela í sér:

- Bandaríkin, samstarfsaðilar þess, Bermúda og Bahamaeyjar



Alþjóðlegu höfuðstöðvarnar er skipt í 11 aðskildar deildir til að þjóna ýmsum þörfum Lions um allan heim. Þessar deildir eru:

- Sala á ýmsum varningi: Býður upp á fjölbreytt úrval af vörum sem eru merktar með merki hreyfingarinnar. Þar með talið

verðlaun, fatnað, borða, spjöld, veggskildi og sérstakar pantanir.

- Ráðstefnur: Vinna með skipuleggjendum til að skipuleggja árlega alþjóðafþingið fyrir um það bil 20.000 lionsfélaga.
- Stjórnsýslu- og klúbbastjórnun: Ábyrgð á umdæmis- og klúbbastarfsemi, aðstoð við umdæmi og klúbba um allan heim á 12 opinberum tungumálum og stjórnsýslu við umdæmisstjóra, svæðisstjóra og stjórnir klúbba.
- Fjölgun félaga: Aðstoða og búa til áætlanir til að fjölga og viðhalda meðlimum, þróa nýja klúbba með því að hvetja til hefðbundinna og óhefðbundinna félagaþróunar. Býr til efni og styður við nýja félaga, stefnumörkun o.fl.
- Fjármál: Viðheldur heiðarleika fjármála- og bókhaldskerfis samtakanna og veitir fjármálaþjónustu.
- Upplýsingatækni: Fylgist með og stjórnar öllum tölvukerfum í höfuðstöðvum, á Indlandi og í Japan ásamt því að uppfæra og búa til ný forrit fyrir lionshreyfinguna í takt við nýja og breytta tíma.
- Þjónusta: Þróar tækifæri Lions fyrir ungmenni, heilsu, menningu og umhverfið.
- Forysta: Veitir fjölbreytt tækifæri til forystuþróunar fyrir núverandi og framtíðar leiðtoga Lions, eins og forysta fyrir stofnun eldi lionsfélaga, DGE ráðstefnum og námsmiðstöðva fyrir lionsfélaga.
- Lagalegt: Ábyrgð á lagalegum rekstri hreyfingarinnar.
- Lions Clubs International Foundation (LCIF): LCIF styður við hjálparstarf og mannúðarverk Lions um allan heim.
- Almennatengsl: Vinnur við að deila myndum og sögum af lionsklúbbum og/eða félögum um allan heim, koma þeim í fjölmiðla og birta þær á opinberri vefsíðu hreyfingarinnar. Styrkir og styður við útgáfu LIONS blaðið, sér um alþjóðlegu friðarveggsþjaldakeppnina og önnur verkefni hreyfingarinnar sem lúta að almennatengslum.

Þýtt og staðfært
Sigfríð Andradóttir
1VDG í umdæmi 109B

Fréttir frá Lestrarátaksnefnd Lions

Á gætu Lionsfélagar Okkur barst erindi frá formanni IBBY á Íslandi Ragnheiði Gestsdóttur þar sem hún kynnti okkur fyrir Marloes Robijn hollenski stúlku sem vinnur í Norræna húsinu. Hún er með menntun í Norrænum barnabókmenntum. Hún kom á fund með Lestrarátaksteyminu, ásamt umdæmisstjóra og fjölumdæmisstjóra og útskýrði fyrir okkur hollenska hugmyndafræði sem byrjaði þar fyrir 10 árum og er orðið mjög útbreitt verkefni, VoorleesExpress: www.voorleesexpress.nl

Leitað var eftir styrk til útgáfu verkefna- og lestrarbókar fyrir félagið Lestrarvinir. Eftir fundinn var ákveðið að styrkja þetta verkefni.

Þegar IBBY gaf út barnabókina Nesti og nýir skór leitaði Lestrarátak Lions til Lionsklúbba á landinu um styrk til útgáfu bókarinnar. Margir Lionsklúbbar brugðust vel við og lögðu inn á sérstakan reikning verkefnisins. Þegar prentun bókarinnar hafði verið greidd kom í ljós að ekki var þörf fyrir alla upphæðina. Þar sem verkefnið Lestrarvinir er í anda hugmynda Lestrarátaksins fannst okkur þessum peningum 400.000 krónum vel varið í verkefnið Lestrarvinir því þar vorum við aftur að styrkja útgáfu bókar sem nauðsynleg er fyrir verkefnið.

Lestrarvinir eru samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Miðju máls og læsis og er ætlað til að efla lesskilning og tungumálaörvun. Verkefnið er ætlað til að sameina fólk og hjálpa börnum með lítinn lesskilning. Bókin Lestrarvinir og annað efni má nota án greiðslu, sem býið er að þýða og er komin út og er verkefnið nú þegar hafid.

Börn sem taka þátt í byrjun eru á aldrinum 2 – 8 ára. 15 fjölskyldur og sjálfboðaliðar voru fengnir og var hópurinn sérstaklega valinn eftir viðtöl sem MML tók að sér. Sjálfboðaliði Lestrarvina, skuldbindur sig í 20 vikur.

Miðvikudaginn 12. október var Lestrarátakateymi Lions boðið að vera viðstatt þegar verkefninu var formlega hrundið af stað í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Viðstaddir voru fjölskyldur og sjálfboðaliðar sem voru að hittast í fyrsta skipti. Þetta var sérlega skemmtileg athöfn og var tilhlökkun og gleði í loftinu.

Facebooksíða lestrarvinir - sjálfboðaliðar

Útgáfa Lestrarvina 2017 er styrkt af Lions á Íslandi.

Lestrarátak Lions

Dagný S Finnsdóttir lestrarátaksstjóri 109

Jórunn Guðmundsdóttir lestrarátaksfulltrúi 109 A

Hrund Hjaltadóttir lestrarátaksfulltrúi 109B



Lionsklúbburinn Sunna

14 Sunnusystur skelltu sér þann 20. apríl í 3 daga ferð til Gdansk í Póllandi, þar sem við urðum 30 ára þann 27 apríl. Ferðin var virkilega skemmtileg og flott borg að skoða. Maturinn í Gdansk var á heimsmaelikvarða og við tölum nú ekki um drykkina.

Sunnukonur eru strax farnar að safna í næstu ferð.

Í maí var svo síðasti fundurinn á starfsárinu og þá förum við alltaf í óvissuferð sem stjórnin skipuleggur. Í ár var farið um Svarfaðardal og skoðuðum við Húsabakka og nýju starfsemina sem er komin þar. Eftir að hafa skoðað Húsabakka var keyrt að Grund og var okkur boðið að koma og skoða nýja róbótafjósíð þeirra sem er komið í notkun og boðið var upp á frábærar veitingar á báðum stöðum, bæði í föstu og fljótandi formi. Þess má geta að í Svarfaðardal eru 6 önnur fjós í byggingu.

Í júní fóru nokkrar Sunnusystur og afhentu sjónvarp til skammtímavistunarinnar hér á Dalvík.

Stjórnarskipti voru svo í júlí. Fyrsti fundur var í september og þá voru konur settar í nefndir og ráð og veturinn skipulagður. 8. október á þjónustudegi Lions komum við saman á Dalbæ og gáfum pönnukökur með rjóma og héldum uppi skemmtun með Lionsklúbbi Dalvíkur og þessi dagur er með því skemmtilegasta sem við gerum á starfsárinu. Að sjá gleðina sem er á hverju andliti er dásamlegt. Núna á nóvember fundinum okkar ætlum við að byrja undirbúninginn fyrir sölu á jólagreinar á leiði og byrjum að fönðra slaufurnar á greinarnar.

Við hjá Sunnu hlökkum til starfsársins og byrjuðum strax á því í nóvember að taka inn eina konu í klúbbinn. Og vonumst svo sannarlega eins og allir klúbbar á landinu að við náum að fá fleiri inn í Lions.

Eigið ánægjulegt starfsár kærur Lionsmenn.

*Hólfríður Guðrún Skúladóttir ritari
Lionsklúbburinn Sunna. Dalvík*




Svandís Lóa, Eva Guðmunds, Bjarney Anna, Anna Hafdís.



Afmælimatur 30 ára.



Eva Björg Guðmundsdóttir, Auður Helgadóttir og Bjarneig Ingvadóttir.



Hólfríður Guðlaug Jónsdóttir og Hólfríður Guðrún Skúladóttir.



Söngur á Dalbæ.




Gamlibærinn í Gdansk.



Glaðar Sunnusystur.

Lionsklúbbur Hveragerðis



Ánnar fundur Lionsklúbbs Hveragerðis á starfsársinu var haldinn í Skálholti. Ást var fyrir utan Hótel Örk kl. 18:50, sameinast var í 3 bíla og keyrt upp eftir. Þangað var komið kl. 19:40. Er inn í Skálholtskirkju var komið uppgötvaðist að prestinn vantaði. Kristján fór því og sótti hann.

Hann kom, tók í hendur allra og kynnti sig. Reyndist þetta vera staðarpresturinn Egill Hallgrímsson. Hann hóf fundinn á fyrirlestri um sögu staðarins og presta og biskupa hans. Þá fór hann yfir muni núverandi kirkju og lauk því með að hringja margra alda gamalli kirkjubjöllu. Hann leiddi okkur niður í kjallarann þar sem steinkista Séra Páls Jónssonar Skálholtsbiskups er, en hann er enn í henni. Það var Kristján Eldjárn sem stóð að þeim fundi. Þá var farið út göngin og að Brynjólfsbúð. Þar sagði hann okkur sögu hennar og tilgátur um notkun hennar.

13 manns komu í ferðina, 12 félagar og 1 maki. Voru það; Ársæll, Birgir, Kristján, Kristinn, Vilmundur, Örn, Daði og frú, Rögnvaldur, Erlingur, Júlíus, Níels, og einn nýr. Komið var heim um kl. 22:30.



Fréttir frá Lionsklúbbum Suðra

Lionsklúbburinn Suðri var stofnaður 1968 og verður því 50 ára á næsta ári. Félagar eru núna 25 og hefur fjölgað um 7 á síðustu 2 árum, eða um 38% og geri aðrir betur. Starfsemi klúbbsins og fjáröflunar leiðir hafa lengi verið í föstum skorðum. Fundir eru haldnir tvisvar í mánuði frá september til maí loka. Leitast hefur verið við að fá framámenn og frumkvöðla í atvinnulífínu, á svæðinu, á þessa fundi, til þess að segja frá og upplýsa okkur um sín verkefni.

Árlega hefur klúbburinn, ásamt hópferðabílum Suðurlands, boðið eldri borgurum í dagsferðir með tilheyrandi veitingum. Eins hafa félagarnir í fjölda ára haft það að markmiði að græða upp moldarrof og gróðurlaust land, með sáningu grasfræs og áburðargjöf á hverju ári. Klúbburinn hefur eins og fleiri lionsklúbbar víðsvegar um landið, staðið fyrir árlegum blóðsykursmælingum.

Fastar fjáröflunar leiðir haf verið pökkun og sala sælgætis fyrir hver jól. Svo og árleg útgáfa almanaks.

Klúbburinn hefur leitast við að styrkja ýmis líknar- og heilbrigðismál í héraðinu. Sérstaklega með ýmsum tækjagjöfum til Heilsugæslunnar. Eru þau ófá tækin sem hann hefur gefið til heilsugæslustöðvarinnar í Vík á starfsárum sínum, ýmist einn eða með kvenfélagi hreppsins. Sérfræðingar á ýmsum lækningasviðum hafa komið hingað og nýtt sér tækin og sparað þannig heimafólki margar Reykjavíkurferðirnar. Fyrir nokkrum dögum afhenti klúbburinn heilsugæslunni í Vík tvær lífsmarkastöðvar, sem nýtast einstaklega vel í daglegu starfi á heilsugæslustöðinni. Með stöðvunum er á einfaldan og öruggan hátt hægt að mæla púlshraða, blóðþrýsting, líkamshita og súrefnismettun í blóði.

